

ÍSÖÖNG Í LANGJÖKLI, BORGARBYGGÐ Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð gerð ísganga og hella í Langjökli í um 1250 m hæð, skammt norðaustur af Geitlandsjökli, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að ef kemur til þess að breytingar verði á fyrirhuguðum framkvæmdum skv. 2. áfanga miðað við það sem kynnt er í þessari greinargerð þá kann að þurfa að fjalla um þær samkvæmt málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Mannvirki eru háð byggingarleyfi Borgarbyggðar samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang, reglugerðar nr. 805/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 35/1995 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt og önnur leyfi, þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og einnig deiliskipulag sé það mat sveitarfélagsins að þess sé þörf. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulag eru háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Efla og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. mars 2013.

INNGANGUR

Þann 13. ágúst barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eflu Verkfræðistofu, um fyrirhuguð ísgöng í Langjökli í Borgarbyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 12d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands. Frekari skýringar og gögn framkvæmdaraðila bárust 15. nóvember og voru þau gögn send umsagnaraðilum með tölvupóstum 15. og 16. nóvember 2012. Umsagnir bárust frá Borgarbyggð dags. 31. janúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 5. september og 23. nóvember 2012, Umhverfisstofnun dags. 31. ágúst og 30. nóvember og Veðurstofu Íslands dags. 4. september og 7. desember 2012. Frekari upplýsingar bárust frá Eflu dags. 30. og 31. október 2012 og 7. febrúar 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð kemur fram að verkefnið feli í sér að grafa göng og hella í jökulís í Langjökli í um 1250 m hæð, skammt norðaustur af Geitlandsjökli, með það markmið að gera jökulinn aðgengilegan ferðamönnum og vísindasamfélaginu á nýjan hátt.

Í greinargerðinni er fjallað um tvo áfanga verksins.

Fram kemur að fyrri áfanginn sé rannsóknarverkefni sem muni leiða í ljós hvort gerð og rekstur ísganganna sé mögulegur og felur hann í sér að grafin verði um 300 m löng göng í ísinn. Innsti hluti þeirra verði á um 30 m dýpi í jöklinum, í þéttum jökulís. Þverskurðarflatarmál ganganna verði um 4 fermetrar og losaðir verði um 1200 m³ af snjó og ís. Einnig verði grafin útskot í göngin og hellir í endann þannig að gera megi ráð fyrir að moka þurfi út um 1500 m³ af snjó og ís.

Leiði niðurstöður rannsóknarverkefnisins í ljós að gerð og rekstur ísganga sé mögulegur þá verði ráðist í gerð seinni áfangans sem feli í sér m.a. að grafinn verður annar inngangur, auk þess sem hugmyndir eru um tvo megin íshella, móttökuhelli og aðalhelli og er áætluð heildarstærð ganga og hella um 6000 m³.

Fram kemur að stærstur hluti gesta muni koma upp á jökulinn við fjallaskálann Jaka á Geitlandi, en þar sé töluverð umferð ferðamanna á jökulinn. Staðsetning ganganna taki m.a. mið af aðkomu að svæðinu bæði með tilliti til ferðatíma og öryggis vegna sprungna, en yfirleitt megi aka um jökulinn allan ársins hring á sérbreyttum ökutækjum ef veður og færð leyfa. Fram kemur að við val á staðsetningu ísganganna hefur verið stuðst við gögn um undirlag jökulsins sem jöklavísindamenn hafa aflað. Leitast hafi verið við að velja svæði þar sem ójöfnur í undirlaginu séu litlar og með þeim hætti að sprungur í ísnum og hreyfingar þeirra verði hagstæðar.

Fram kemur að rekstrarfélag ganganna muni ekki sjá um fólksflutninga heldur sé gert ráð fyrir að ferðamenn nýti sér þau fyrirtæki sem selji ferðir á jökulinn og komi jafnvel á eigin vegum. Gert sé ráð fyrir að hluti þeirra ferðamanna sem séu á ferð um jökulinn heimsæki göngin en einhverjir geri sér sérstaka ferð vegna ganganna. Aukning umferðar á svæðinu vegna ganganna verði því takmörkuð. Gróf rekstraráætlun geri ráð fyrir að gestir verði um 20.000 á ári, dreifðir yfir allt árið og gera megi ráð fyrir að um 80% þeirra heimsæki jökulinn hvort sem er. Aukningin væri þá um 4000 manns. Ljóst er að það er aðeins lítill hluti þeirra 30.000 – 40.000 ferðamanna sem nú þegar heimsækja jökulinn í sleða- og jeppaferðum. Gert sé ráð fyrir að stærstur hluti aukinnar umferðar verði um Kaldadal (nr. 550) og Geitland um Langjökulsveg (nr. 551), framhjá Jaka.

Fram kemur að framkvæmdin feli í sér að byrjað verði á að fara með beltagröfu upp á jökulinn og grafa allt að 5 m djúpan skurð framan við fyrirhugaðan gangamunna, búa til plan og koma fyrir tveimur gámum fyrir aðstöðu starfsmanna, rafstöð og til að geyma ýmis tæki og tól. Gert sé ráð fyrir að beltagrafa verði stödd á jöklinum í 2-3 daga. Gert sé ráð fyrir að göngin verði grafin með ýmsum handverkfærum og íshröngl flutt á vögnum sem verði dregnir út úr göngunum.

Íshrönglinu verði dreift utan við gangamunnann en viðbúið sé að sprungur verði á vegi ganganna og munu þær að öllum líkindum taka við þó nokkru magni af íshröngli.

Aðstaða fyrir starfsmenn verði búin þurrusalerni og þar verði einnig aðstaða til að matast og gista gerist þess þörf. Gert sé ráð fyrir að rafstöð verði dísel knúin og henni fylgi um 200 lítra olúgeymir á hjólum.

Eftir að greftri fyrsta áfanga ljúki verði farnar reglulegar ferðir í göngin til mælinga og eftirlits. Samkvæmt þeim fræðum sem skoðuð hafa verið megi ætla að á um 30 m dýpi færist veggir ísganganna inn sem nemur um 10 cm á ári. Þá muni staðsetning ganganna ofan snælnu valda því að dýpi niður á göngin muni sífellt aukast, sem ráðist af ákomu hvers árs og þarf því reglulega að lengja göng sem opnast upp á yfirborðið. Mannvirkið muni í heild flytjast rólega niður eftir jöklinum og við það aflagast og einnig mun hreyfingin hafa áhrif á jökulsprungur sem geti haft áhrif á virkni mannvirkisins. Þessar breytingar séu þó mjög hægar. Mest óvissa sé um hvernig vatn muni hafa áhrif á göngin á þeim tíma sem bráðnun á sér stað á jöklinum. Ómögulegt sé að hanna lausnir til að takast á við vatnsaga öðruvísi en að sjá hvernig vatnið hegði sér, hvar það kemur inn, hversu mikið magn um verður að ræða og hve mikil áhrif það hefur. Þetta undirstrikar mikilvægi rannsóknarinnar og leitast verði við að hafa sem mesta samvinnu við Háskóla Íslands og Veðurstofuna um þær grunnathuganir sem þurfa að fara fram.

Fram kemur að helstu áhrif framkvæmdarinnar muni verða á yfirborðsjökul/vatn, landslag og sjónræna þætti, náttúruminjar og víðerni, heilsu og öryggi auk hagrænna og félagslegra þátta.

Yfirborðsvatn/jökull. Fram kemur að aukin umferð um jökulinn, geymsla og meðferð efna og úrgangs geti haft í för með sér mengunarhættu á jöklinum. Umferðaraukning sé þó talin óveruleg og gert ráð fyrir að efnanotkun verði haldið í lágmarki á svæðinu og umhverfisvænnir kostir nýttir þar sem mögulegt er.

Hætta á mengun jökulíss sé talin minniháttar, staðbundin, tímabundin og afturkræf og óveruleg. Aukin umferð skapi óhjákvæmilega aukinn hávaða og aukna mengunarhættu, en þar sem um óverulegt umferðarmagn sé að ræða er ekki talið að þau áhrif verði veruleg.

Úrgangur. Allur úrgangur verði fluttur af svæðinu og fargað í viðurkenndri sorpeyðingarstöð. Fram kemur að gert sé ráð að sett verði upp þurrsalerni og úrgangur fluttur til eyðingar í viðurkenndri sorpeyðingarstöð, líklega í Borgarnesi. Ekki sé gert ráð fyrir frárennsli af neinu tagi eða förgun á jöklinum. Fylgt verður ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Flutningur og geymsla á efnunum. Við framkvæmdir og rekstur ganganna þarf að gera ráð fyrir kælivélum (til að kæla loft í hellinum og hindra bráðnun), loftræstingu og lýsingu. Rafstöð og annað sem fylgir framkvæmdum og rekstri verður hýst í geymslueiningum sem felldar verða inn í snjóinn á snyrtilegan hátt og hljóðmengun lágörkuð. Ekki sé gert ráð fyrir að geyma olíu eða önnur efni á staðnum nema í algeru lágmarki. Reynt verði að nota sólar- og vindorku eins og kostur er og bio-dísel. Fylgt verði ákvæðum starfsleyfis og reglugerðar nr.

35/1995 um varnir gegn olíumengun og reglugerð nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 og er innan svæðis sem er skilgreint sem jökull og hverfisverndarsvæði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Borgarbyggð og Umhverfisstofnun og telja ekki líkur á að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Borgarbyggðar telur, með tilvísun til umsagnar Umhverfisstofnunar, að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á vatnsgæði. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) bendir í umsögn sinni á að það hafi gefið út starfsleyfi til gerðar rannsóknaganga þann 1. október 2011 en jafnframt að fyrirhuguð framkvæmd geti orðið það umfangsmikil að ekki verði hægt að gefa út starfsleyfi án frekari rannsókna og skuli framkvæmdin því háð mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur að rök fyrir því séu m.a.: Langjökull sé talinn vera vatnsforðabúur Borgarfjarðar og starfsemin geti haft í för með sér alvarlega hættu á mengun vatns. Veitingastarfsemi fylgi lengri viðvera gesta, aukinn úrgangur og mengunarálag vegna lágmarksþrifa eftir salernisferðir. Umferð einkabíla auki hættu á mengun þar sem þeir séu ekki skoðaðir m.t.t. hættu á olíuleka. Olúbirgðir auki hættu á mengun.

Í svörum Eflu kemur fram að niðurstaða matsins sé að óveruleg áhrif verði á grunnvatn af gerð og rekstri ísganganna. Óvissa ríki um það hvort afrennsli af jöklinum á þessum stað fari til vesturs eða suðurs og þyrfti mjög umfangsmiklar rannsóknir til að skera úr um það.

Í minnisblaði um grunnvatn, dags. 31. 10. 2012 komi fram að mengunarhætta sé ekki talin mikil og því alls ekki talin ógna vatnsforða Borgarfjarðar. Ef starfsemin sé sett í samhengi við umfang sumarhúsabyggða, landbúnað, dýrahald og aðra starfsemi nær vatnsbólum í Borgarbyggð sjáist að áhrif af starfseminni uppi á Langjökli verði léttvæg í samanburði. Ennfremur er vísað til niðurstaðna áhættumat Mannvits vegna vatnsverndar á Bláfjallasvæðinu. Framkvæmdaraðili muni standa að allri þjónustu með réttum hætti og uppfylla allar kröfur um meðferð úrgangs og raunar ganga lengra með því að safna úrgangi frá salernum og flytja hann í heild sinni af svæðinu til förgunar. Þar sem viðbúið sé að gestir ísganganna séu að mestu leiti hvort eð er á ferð um jökulinn þá verði til mikilla bóta að almennileg salernisaðstaða komi til. Það sé mat framkvæmdaraðila að matsferli myndi ekki varpa frekara ljósi á hugsanleg áhrif á grunnvatn.

Bent sé á að öll farartæki í landinu þurfa að standast árlegt eftirlit þar sem m.a. er horft eftir olíuleka og ekki sé kunnugt um að för fólks um viðkvæma staði, svo sem Þingvelli eða svæði sem eru nærri mikilvægum vatnsbólum sé takmörkuð vegna þessarar hættu.

Í frekari umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að frekari upplýsingar breyti ekki fyrri afstöðu þess til málsins. Það sé mat HeV að náttúran eigi að njóta vafans og í minnispunktum frá Eflu séu of margir óvissuþættir sem þurfi að kanna nánar. Það að bera saman mengun á Bláfjallasvæði og hugsanlega mengun á jökli sé ekki hægt án betri gagna og sama gildi um samanburð við landbúnað. Bent sé á slæma reynslu af starfsemi fyrir síðustu aldamót sem rekin hafi verið á jöklinum og við jaðar hans og tekið sé fram að engin starfsleyfi séu í gildi fyrir starfsemi á Langjökli.

Í svörum Eflu er bent á að í umsögn HeV sé hvergi minnst á hvaða óvissuþætti þurfi að kanna nánar. Það sé niðurstaða framkvæmdaraðila að þótt ekki liggi fyrir hvort afrennsli frá

Ísgangasvæðinu verði til vesturs eða suðurs sé engin óvissa um að mengun verði hverfandi. HeV skýri ekki á hvern hátt skoðun mengunar grunnvatns við Bláfjöll geti ekki talist sambærileg. Framkvæmdaraðili telur að samanburðurinn sýni skýrt fram á það að möguleg mengun frá ísgangasvæðinu verði hverfandi m.t.t. vatnsgæða í Borgarfirði. Mengun frá mögulegu olíuóhappi og allri umferð á Langjökli sé á engan hátt hættulegri en samskonar óhapp og umferð nær vatnsbólum í Borgarfirði. Umferð og mengun tengd ferðapjónustu við áfangastaði í uppsveitum sé og verði alltaf mun meiri en sú á Langjökli. Engu skipti þótt um jökul sé að ræða. Framkvæmdaraðili ítrekar að hann hyggist uppfylla allar reglur varðandi mengunarvarnir og að ekki sé hægt að láta hann gjalda fyrir misgjörðir annarra aðila.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er tekið undir að mikilvægt sé að athuga og rannsaka þau atriði sem fjallað er um í greinargerð framkvæmdaraðila, bæði vegna ísgangagerðar og vegna þekkingaröflunar í jöklafræðum. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin eins og henni er lýst í greinargerð og að uppfylltum skilyrðum sem stofnunin hefur sett fram, sé hún ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur að seinni áfangi framkvæmdarinnar eigi að verða háður niðurstöðum rannsókna í fyrri áfanga og endanlegra upplýsinga um umfang framkvæmdarinnar og því þurfi að taka afstöðu til seinni hluta framkvæmdarinnar þegar þetta liggja fyrir.

Í svörum Eflu er því mótmælt að umfang framkvæmdarinnar liggja ekki fyrir og að þess vegna þurfi að taka afstöðu til seinni hluta framkvæmdarinnar síðar. Umfangi seinni hluta framkvæmdarinnar sé nægilega vel lýst í tilkynningu framkvæmdarinnar þar sem fram komi hve mikið rúmmál verði grafið út og lega ganga og hella sýnd á sniðmynd. Þær athuganir sem gerðar verði í kjölfar fyrri hluta framkvæmdarinnar snúi að tæknilegum lausnum en ekki umfangi framkvæmdarinnar eða umhverfisáhrifum. Það sé verkefninu nauðsynlegt að fyrir liggja í upphafi hvort framkvæma megi seinni hlutann.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin hafi talið eðlilegt að fjallað væri fyrst um rannsóknáafangann og síðan framkvæmdaáfangann þegar niðurstöður rannsókna lögju fyrir. Stofnunin telur að framkvæmdin eins og henni er lýst í greinargerð og í frekari viðbrögðum framkvæmdaraðila, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisaáhrifum. Stofnunin telur þó mikilvægt að ef umfang framkvæmdarinnar breytist þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir að þá verði þær breytingar metnar m.t.t. hugsanlegra umhverfisáhrifa.

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að stofnunin telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Því til stuðnings sé bent á að borist hafi fréttir af því að verulegt magn af olíu hafi lekið úr farartækjum niður í snjó við fólksflutninga á Langjökli á undanförunum árum. Einnig sé bent á að regn- og leysingarvatn, sem falli á sunnanverðan Langjökul, berist á nokkrum áratugum til Þingvallavatns með þekktum grunnvatnsstraumi. Þar sé um viðkvæmt verndarsvæði að ræða og leyfisveitingar til framkvæmda, sem haft gætu áhrif á lindavatn Þingvallasvæðisins, þurfi að taka mið af mögulegri mengunarhættu auk þess sem eftirlit á vegum stjórnvalda þurfi að vera reglulegt og myndugt. Göngin í jöklinum þurfi að staðsetja Geitlandsmegin við nefndan söðul og rennislisleiðir vatns við botn á því svæði þurfi að kanna í samráði við jöklafræðinga Jarðvísindastofnunar Háskólans, sem mælt hafi þykkt Langjökuls og botnlandslag. Þar sem áætlað sé að velja göngunum stað rétt ofan við jafnvægislínu jökulsins sé stjórnendum verkefnisins bent á að kanna hæð jafnvægislínu á Langjökli og meta hvaða áhrif árlegar sveiflur í hæð jafnvægislínu geta haft á mannvirkið og rekstur þess.

Í svörum Eflu kemur m.a. fram að gert sé ráð fyrir að meirihluti gesta muni koma í skipulögðum rútuferðum og miðað við áætlaðan gestafjölda megi áætla, m.v. 40 farþega í rútu, að um sé að ræða 500 rútuferðir á ári, eða innan við 2 ferðir á dag að jafnaði. Framkvæmdaraðili muni hafa viðbragðsáætlun við mengunaróhöppum og einnig verði gerðar

gæðakröfur til samstarfsaðila sem stundi fólksflutninga. Eigi óhapp sér stað felist viðbrögðin í því að fjarlægja mengaðan snjó/jarðveg og farga honum með viðurkenndum hætti. Færa megi rök fyrir því að heppilegra sé að mengunaróhapp eigi sér stað á snjó, en þar sem olía getur hripað djúpt niður í gropinn jarðveg eða hraun. Líkur fyrir óhappi séu ekki miklar og auðvelt að koma í veg fyrir að slíkt óhapp hafi neikvæð áhrif.

Hvað grunnvatn varðar hafi framkvæmdaraðili gert sérstakt ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á það sbr. minnisblað dags. 30. október 2012. Niðurstaða þess sé að áhrif af gerð og rekstri ísganganna á grunnvatn verði óveruleg. Óvissa ríki um það hvort afrennsli af jöklinum á fyrirhuguðum framkvæmdastað fari til vesturs eða suðurs og þyrfti mjög umfangsmiklar rannsóknir til að skera úr um það. En þó svo að það færi í átt að Þingvallavatni þá sé mengunarhættan það lítil og þynningaráhrifin það mikil, að áhrifin yrðu hverfandi. Í minnisblaðinu er fyrirhuguð starfsemi sett í samhengi við núverandi starfsemi á Þingvöllum og einnig horft til starfseminnar í Bláfjöllum sem er í nálægð við vatnsverndarsvæði Reykjavíkur. Mat framkvæmdaraðila sé að matsferli myndi ekki varpa frekara ljósi á hugsanleg áhrif á grunnvatn.

Í frekari umsögn Veðurstofu Íslands kemur m.a. fram að það gæti skipt máli hvernig ástand jökulsins er á því svæði þar sem göngin yrðu gerð. Ef þar væri sprungusvæði og svelgir í nánd sé líklegt að leysingar- og regnvatn (og möguleg mengun) myndi sér leið til botns nánast beint undir gangasvæðinu. Þar með væri nokkur óvissa um hvert vatn þetta myndi að lokum streyma með grunnvatni, samkvæmt því sem fram kemur í minnisblaði Eflu um grunnvatn (30.10.2012). Ef göngin væru hins vegar í ósprunginni brekku væri líklegra að vatnið félli sem yfirborðsrennsli á jöklinum í átt til Geitlands og Borgarfjarðarhéraðs. Í minnisblaðinu er talið að hætta á að grunnvatn spillist að einhverju marki verði hverfandi. Veðurstofan bendir þó á að þetta sé ekki rökstutt með reikningum af neinu tagi og þá sé ekki ljóst hvort tekið hafi verið tillit til þess að sprungustefna á svæðinu leiði vatn beint frá sunnanverðum Langjökli til Þingvallasvæðisins. Því sé hugsanlegt að í ákveðnum tilvikum gæti grunnvatn streymt hraðar um sprungur milli þessara svæða en grunnvatnið gerir að meðaltali.

Í svörum Eflu er bent á að þótt ekki sé ljóst hvort afrennsli frá svæðinu fari til vesturs eða suðurs þá sé mengunarhættan í báðum tilfellum óveruleg og því engin óvissa til staðar varðandi áhættuna. Vísað er til minnisblaðs Eflu um grunnvatn þar sem vitnað er í áhættumat Mannvits vegna vatnsverndar á Bláfjallasvæðinu og bent á að svæðið þar sem styrkur mengunar er yfir viðmiðunarmörkunum 0,1 mg/l við 6000 l olíuslys á Bláfjallavegi er að hámarki um 2 km langt. Þótt lekt í sprungum milli Langjökuls og Þingvalla sé hugsanlega meiri en meðallekt megi ljóst vera að olíuslys sem er aðeins 3% af því slysi sem er til skoðunar við Bláfjöll gæti ekki undir neinum kringumstæðum skilað mengunarstyrk yfir 0,1 mg/l á Þingvöllum sem séu í um 50 km fjarlægð. Ekki þurfi frekari útreikninga til.

Áhrif á ferðaþjónustu. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að kanna hvort vegir nr. 550 og 551 þoli aukna umferð og hvort þörf sé á stækkun bílastæða fyrir gesti ísganganna. Stofnunin leggur áherslu á að sjónræn áhrif mannvirkja á jöklinum verði í lágmarki, þau falli vel að landslagi og að allur frágangur á efni úr ísgöngunum verði vel skipulagður. Einnig leggur stofnunin ríka áherslu á að framkvæmdin sé að fullu afturkræf.

Í svörum Eflu kemur fram að gert sé ráð fyrir að stór hluti þeirra gesta sem komi til viðbótar öðrum ferðamönnum, vegna ísganganna, komi í skipulögðum rútuferðum og miðað við 40 gesti í rútu sé ljóst að um sé að ræða innan við 2 ferðir á dag að jafnaði. Aukið álag á vegi verði því lítið og Vegagerðin undirbúi lagfæringar á þeim hluta vegar nr. 550 sem liggja frá Húsafelli að afleggjara að Langjökli (vegi nr. 551). Svo fremi sem vegurinn sé fær þoli hann umferðina. Hvað varðar þörf á bílastæðum þá sé ljóst að bæta mætti alla aðstöðu við jaðar Langjökuls líkt og á fjölmörgum áfangastöðum ferðamanna á Íslandi. Í raun sé ekki um

eiginleg bílastæði að ræða heldur sé bílum einfaldlega lagt á svæðinu og megi lengi leggja fleiri bílum þar. Umferð vegna ísganganna breyti í raun ekki ástandinu en það sem standi gerð aðstöðu fyrir þrifum sé fyrst og fremst óvissa um hver skuli bera kostnaðinn en ekki liggi fyrir hver sé landeigandi á svæðinu.

Lagt verði mikið upp úr því að upplifun ferðamanna verði sú að svæði sé sem mest ósnortið og aðeins sjáist op ganganna. Yfirborð jökulsins jafnist strax vegna skafrennings eða bráðunar og allt íshröngl sem út verði mokað hverfi fljótt, annað hvort undir nýjan snjó eða bráðni.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar er lögð áhersla á að mikilvægt sé að afmarkað verði bílastæði við jaðar Langjökuls til að lágmarka rask á svæðinu og til að sporna við utanvegarakstri.

Í svörum Eflu er tekið undir mikilvægi þess að afmarkað verði bílastæði við jaðar Langjökuls. Finna þurfi leið til þess að koma aðstöðu á svæðinu í samt lag en þar þurfi einnig að vera til staðar salernisaðstaða sem aðgengileg sé öllum ferðamönnum og þurfi væntanlega Borgarbyggð og Vegagerðin að koma að því máli. Framkvæmdaraðili er tilbúinn að koma að uppbyggingunni með einhvers konar aðstöðugjaldi eða sambærilegu.

Í frekari umsögn Veðurstofu Íslands er endurtekið að það sé umhugsunarefni að ekki sé gert ráð fyrir aukinni umferð því venjulega sé markmið með því að stofna skoðunarverða staði að auka ferðmannastraum á svæðið. Bent er á þau sjónarmið sem heyrast meðal fólk að gjalda beri varhug við óheftri sölumennsku þegar víðerni hálendisins og jöklanna eru annars vegar og vegna hættu sem sé til staðar á jökulum landsins m.a. vegna snöggra veðrabrigða. Er þeim tilmælum beint til skipuleggjenda verkefnisins að tillit verði tekið til þessara sjónarmiða (og allrar áhættu) við undirbúning, framkvæmdir og rekstur.

Í svörum Eflu er bent á varðandi áætlun um fjölda gesta að um verður að ræða dýra afþreyingu, heildarkostnaður fyrir ferðamann á Höfuðborgarsvæðinu að sækja ísgöngin heim verði líklega yfir 35.000 krónur á mann og staðreynd að ásókn í afþreyingu í þessum kostnaðarflokki er takmörkuð. Mjög bjartsýnt mat á gestafjölda gæti hljóðað upp á 40.000 gesti á ári. Sú umferð sem af því leiddi verði samt sem áður að teljast lítil í samhengi við aðra umferð ferðamanna m.t.t. mengunar.

Framkvæmdaraðili er sammála því að gjalda beri varhug við óheftri sölumennsku og mjög mikilvægt sé að öllum þeim aðilum sem stunda ferðaþjónustu sé gert að hlíta reglum um fjölda gesta og umgengni. Varðandi öryggismál er bent á að sá ferðamáti sem öruggastur teljist á jökli sé að aka ferðamönnum í lokuðum, stórum bíl, sem ekki geti fallið ofan í sprungur og geti staðið af sér illviðri án vandræða fyrir ferðamennina.

Áhrif á lífríki. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að mikilvægt sé að regluleg vöktun verði, á meðan á framkvæmdum standi og eftir að þeim líkur er beinist að því að kanna hvort lífríki sé að finna í jökulísnum eða annað það sem gæti orðið fyrir röskun vegna framkvæmdarinnar.

Í svörum Eflu kemur fram að rannsókn á því hvort lífríki sé að finna í jökulísnum verði hluti rannsókna sem gerðar verða eftir fyrsta áfanga.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða framkvæmd sem felur það í sér að grafin verða út göng og íshellar í um 1250 m hæð yfir sjó, norðvestan við ísaskil utan í dyngju Langjökuls, norður af Geitlandsjökli. Framkvæmdin skiptist í tvo áfanga. Í fyrri áfanga er áformað að grafa um 300 m löng göng með þverskurðarflatarmál um 4 m² og losaðir um 1200 m³ af snjó og ís. Einnig verða grafin útskot í göngin og hellir í endann þannig að gera má ráð fyrir að moka þurfi út um 1500 m³ af

snjó og ís. Í þessum göngum og helli verða gerðar rannsóknir sem munu leiða í ljós hvort gerð íshella og ísganga og rekstur þeirra fyrir ferðamenn sé möguleg. Leiði niðurstöður rannsóknaverkefnisins í ljós að þetta sé mögulegt þá verði ráðist í seinni áfangann sem felir m.a. í sér að grafinn verður annar inngangur og stærri hellar. Hugmyndir eru um tvo megin íshella og að allt í allt verði göng og hellar um 6000 m³. Í íshellum verði móttaka fyrir ferðamenn og rannsóknastaða. Megin aðkoma að svæðinu verður frá Kaldadalsvegi um Geitland og er gert ráð fyrir um 20.000 gestum á ári í ísgöngin en 80% þeirra verði hvort sem er á ferð um jökulinn. Töluverð umferð mun verða á framkvæmdatíma vegna ferða starfsfólks og flutnings ýmissa aðfanga. Allur úrgangur sem fellur til á framkvæmdatíma og fylgir síðan gestum, móttöku þeirra og annarri starfsemi, verður fluttur niður af jöklinum til förgunar á viðurkenndan hátt. Til viðhalds aðkomu að göngunum þarf að lengja innganga öðru hverju vegna ofankomu og hafa snjótroðara eða sambærilegt tæki til að moka frá inngöngum.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12 d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á vatnsgæði. Skipulagsstofnun telur að megin athugasemdir Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands við fyrirhugaða framkvæmd verði hættu á mengun uppi á jöklinum sem síðan geti valdið mengun grunnvatns. Ljóst er að umferð ökutækja fylgir mengunarhætta sem vex við aukna umferð og að hætta á mengun vatns kann að fylgja fyrirhuguðum rekstri þó svo að engin förgun úrgangs, fasts eða fljótandi, verði á jöklinum. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila og umsagnaraðilum að ekki sé ljóst hvort vatn frá fyrirhuguð framkvæmdasvæði á jöklinum muni skila sér í grunnvatn er streymir til vesturs í átt að dölum Borgarfjarðar eða suðvestur inn á vatnsvið Þingvallavatns. Einnig sé ljóst að óvissa sé um hvaða áhrif sprungur og misgengi er liggja til suðvesturs í átt til Þingvalla kunni að hafa á grunnvatnsstreymi en almennt megi álykta að tilvist þeirra auki hraða grunnvatnsrennslis.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að ef fyrirhuguð starfsemi sé sett í samhengi við umfang sumarhúsabyggða, landbúnað og aðra starfsemi nær vatnsbólum í Borgarbyggð verði áhrif af starfseminni, eins og hún er kynnt, uppi á Langjökli minni háttar m.t.t. hugsanlegar mengunar grunnvatns. Stofnunin telur að þó svo að vatn frá framkvæmdasvæðinu berist í grunnvatn er færi í átt að Þingvallavatni, sem er í 50 km fjarlægð, þá sé mengunarhættan lítil og þynningaráhrifin í grunnvatni mikil, m.a. ef höfð er til hliðsjónar niðurstaða áhættumats Mannvits sem unnið var vegna vatnsverndar á Bláfjallasvæðinu.

Skipulagsstofnun telur að með því að engin förgun úrgangs, hvorki fasts né fljótandi, eigi sér stað á jöklinum sé verulega dregið úr líkum á því að snjór og vatn mengist við framkvæmdina. Tekið er undir með framkvæmdaraðila að þar sem viðbúið sé að gestir ísganganna séu að mestu leiti hvort eð er á ferð um jökulinn þá verði til mikilla bóta, m.t.t. mengunar á jöklinum, að ferðamenn fái aðgang að viðunandi salernisaðstöðu.

Skipulagsstofnun telur ljóst að umferð ökutækja á jöklum fylgi mengunarhætta en samkvæmt áætlunum framkvæmdaraðila og lýsingu á þeirri starfsemi sem hér er til umfjöllunar fylgir henni ekki verulega aukin umferð upp á jökulinn utan framkvæmdatímans. Auk þess á að vera hægt að tryggja að farartæki, er tengjast framkvæmdinni og rekstri, standist ástandsskoðun til dæmis m.t.t. hættu á olfuleka.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi lýst gerð ísganganna, fyrirhuguðum rekstri og hugsanlegri hættu á að framkvæmdin hafi í för með sér mengun vatns á jöklinum og líkum á að það geti leitt til mengunar grunnvatns. Eðli málsins samkvæmt er óvissa um hvert mengun kann að berast verði mengunarslys, í eða við ísgöngin, tengt framkvæmdinni. Stofnunin telur að þar sem um afmarkaða og leyfisskylda starfsemi verður að ræða séu

möguleikar fyrir hendi til að tryggja að við framkvæmdina og rekstur verði hætta á mengunaróhöppum lágmarkuð, viðbragðsáætlanir verði til staðar og að gripið verði til aðgerða í tíma ef óhöpp verða. Komi í ljós að ekki verði hægt að standa að framkvæmdum og rekstri á fullnægjandi hátt, til dæmis m.t.t. hættu á mengun vatns, verður hægt að ganga frá framkvæmdasvæðinu án varanlegra ummerkja á yfirborði. Skipulagsstofnun telur að unnt sé að líta svo á að um afturkræfa framkvæmd sé að ræða.

Áhrif á ferðaþjónustu. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að mikilvægt sé að sjónræn áhrif mannvirkja á jöklinum verði í lágmarki, þau falli sem best að landslagi svo og efni úr ísgöngunum. Þá er mikilvægt að aðkomuvegir þoli aukna umferð og að við jökuljadar verði eftir því sem við á afmörkuð bílastæði. Þar þurfi einnig að koma upp salernisaðstöðu sem verði aðgengileg öllum ferðamönnum. Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að framkvæmdaraðili gerir sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir því að vera með starfsemi á jökli og snýr að öryggi starfsmanna og gesta.

Áhrif á lífríki. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að áhugavert sé að kanna hvort lífríki sé að finna í jökulísnum og ef svo reynist sé mikilvægt að vakta það og hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á það.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eflu við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð gerð ísganga og hella í Langjökli í um 1250 m hæð, skammt norðaustur af Geitlandsjökli, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að ef kemur til þess að breytingar verði á fyrirhuguðum framkvæmdum skv. 2. áfanga miðað við það sem kynnt er í þessari greinargerð þá kann að þurfa að fjalla um þær samkvæmt málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Mannvirki eru háð byggingarleyfi Borgarbyggðar samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang, reglugerðar nr. 805/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 35/1995 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt og önnur leyfi, þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og einnig deiliskipulag sé það mat sveitarfélagsins að þess sé þörf. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulag eru háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Efla og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. mars 2013.